

Fimmtudaginn 29. nóvember 1979.

Nr. 170/1977. **Björn Ólafsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

**Páli Skúla Halldórssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Samningar. Tómlæti. Sératkvæði í héraði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1977. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, eru aðiljar á einu máli um það, að þeir hafi öðru hverju framan af ári 1975 rætt um, að stefndi tæki að sér kynningu á framleiðsluvörum áfrýjanda og sölustarfsemi fyrir hann í tengslum við þá kynningu. Heldur stefndi því fram, að um þetta hafi tekist samkomulag með þeim. Áfrýjandi telur á hinn bóginn, að málið hafi aldrei komist lengra en á umræðustig.

Í héraðsdómi er þess getið, að stefndi gerði áfrýjanda reikninga fyrir störf sín í þágu hans. Aðiljaskýrsla áfrýjanda er óskýr um það, hvenær stefndi framvísaði fyrstu reikningum sínum af þessu tilefni. Þó þykir mega af henni ráða, að þetta hafi stefndi gert í júlímánuði 1975. Hafi þar verið um að ræða reikning vegna tímabilsins 1. maí til 1. ágúst 1975 svo og reikning vegna auglýsingakostnaðar. Þetta var enn fremur viðurkennt af áfrýjanda hálfu við flutning máls fyrir Hæstarétti og verður lagt til grundvallar í málinu.

Hinn 1. ágúst 1975 ritaði áfrýjandi stefnda bréf af því tilefni, að stefndi hafði skömmu áður sent áfrýjanda teikn-

ingar og boðið honum að gera tilboð í smíði hurða. Segir áfrýjandi í bréfinu, að hann geti „því miður ekki sinnt tilboðum í hurðir á þessu ári“. Í bréfinu mótmælti hann í engu þeim reikningum, sem stefndi hafði þá gert honum, svo sem áður var sagt, eða hreyfði þeim skilningi sínum, að störf stefnda væru sér óviðkomandi og sér óskilyt að greiða reikninga hans þeirra vegna. Var þó til þess sérstakt tilefni, þar sem áfrýjanda mátti vera ljóst af reikningum og orðsendingu stefnda, þegar hvort tveggja var virt í ljósi undangenginna viðræðna aðilja, að stefndi teldi, að samist hefði með þeim um kynningar- og sölustarfsemi sína fyrir áfrýjanda. Verður ekki séð, að áfrýjandi hafi hreyft því fyrir en með bréfi til stefnda 11. nóvember 1975, að skilningur sinn á þessu væri annar. Þegar til þessa er litið, þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjanda dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Hafnarfjarðar. Það athugast, að dómsformaður háði einn dómþing í málinu, er vitni og aðiljar gáfu skýrslur fyrir dómi. Verður þó ekki séð, að nein þau atvik, sem um getur í 205. gr. laga nr. 85/1936, hafi réttlætt, að meðdómsmenn voru þá ekki til kvaddir.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Ólafsson, greiði stefnda, Páli Skúla Halldórssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 29. júní 1977.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. f. m., hefur Páll Skúli Halldórsson, Bolholti 4, Reykjavík, höfðað fyrir hönd einkafyrirtækis síns, Iðnvals, Byggingaþjónustu, Bolholti 4, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, birtri 26. apríl 1976, gegn Birni Ólafssyni, Reykjavíkurvegi 68, Hafnar-

firði, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 214.798 ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1976 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður. Sérstaklega er mótmælt hærri vaxtakröfu en 13%.

## II.

Málavöxtum er svo lýst í stefnu:

„Í lok aprilmánaðar 1975 varð það að samkomulagi milli stefnanda og stefnda, að stefnandi tæki að sér kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum stefnda, en þar var um að ræða ýmsar gerðir útihurða m. a. Kynningarstarfsemin var m. a. í því fölg-in, að stefnandi kynnti vörur stefnda í sérstakri sölu- og kynningarskrá. Þá voru vörur stefnda kynntar á vörusýningu þeirri, sem haldin var í Laugardalshöll sumarið 1975, og loks voru vörur stefnda kynntar með auglýsingum í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum. Fyrir kynningu á vörusýningunni í Laugardalshöll skyldi stefndi greiða sinn hluta kostnaðarins, eða kr. 24.500.00, og fyrir auglýsingar í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum einnig sinn hluta, eða 1/27 hluta af kr. 642.558.00, sem gerir kr. 23.798.00. Að öðru leyti skyldi stefndi greiða vegna auglýsingu í sölu- og kynningaskrá vegna vörupróspekt Sölu- og kynningaskrá og vegna sýningaraðstöðu í sýningarsal Iðnvals samtals kr. 18.500 fyrir hvern mánuð, og skyldu 3 mánuðir vera greiddir fyrirfram í hvert sinn, eða samtals kr. 55.500.00 á 3ja mánaða fresti. Skriflegur samningur var ekki gerður um þessa kynningarstarfsemi, enda var þá eigi venja að gera slíka samninga skriflega, þar sem um gagnkvæmt traust aðila var um að ræða eins og í þessu tilfelli . . .

Svo undarlega bregður við, að stefnanda berst bréf frá stefnda, dags. 11. nóvember 1975, þar sem hann heldur því fram, að kynning stefnanda á fyrirtæki hans hafi farið fram algjörlega án hans samþykkis og að honum fornspurðum. Þetta er alrangt, enda er það ljóst, að ekki gat farið fram hjá stefnda öll sú kynning, sem stefnandi hafði uppi varðandi fyrirtæki hans, enda fékk stefndi alla reikninga jafnóðum.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Reikn. dags. 5/5 1975 vegna tímabilsins

1/5 — 1/8 1975 .....	kr. 55.500.00
2. Reikn. dags. 28. júlí 1975 vegna auglýsinga í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum .....	— 23.798.00
3. Reikn. dags. 1/8 1975 vegna tímabilsins 1/8 — 1/11 1975 .....	— 55.500.00
4. Reikn. dags. 15/9 1975 vegna vörusýningar í Laugardalshöll .....	— 24.500.00
5. Reikn. dags. 1/11 1975 vegna tímabilsins 1/11 '75 — 1/2 '76 .....	— 55.500.00

---

Samtals kr. 214.798.00“

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Umbj. minn mótmælir því, að hann hafi samið við stefnanda í máli þessu um, að stefnandi tæki að sér kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum umbj. míns. Hann kveður stefnanda hafa komið að máli við sig og boðið sér þessa þjónustu, en hann hafi algerlega neitað að gera nokkurn samning við stefnanda, enda hafi enginn samningur komist á, hvorki munnlega né skriflega . . .

Því er ennfremur mótmælt, að stefnandi hafi sent umbj. mínum reikninga jafnóðum. Hið sanna er, að stefnandi sendi í einu lagi alla reikninga í byrjun nóvember mánaðar s.l., en umbj. minn mótmælti þegar í stað reikningunum.

Umbj. minn þurfti ekkert á þjónustu stefnanda að halda, þar sem hann hafði selt sína framleiðsluvöru fyrirfram í langan tíma, og tjáði hann stefnanda þetta þegar í upphafi.“

### III.

Þegar stefnandi, Páll Skúli Halldórsson, kom fyrir dóminn var eftir honum bókað:

„Mætti segir, að hann hafi áður veitt hliðstæða sölu- og kynningarfyrirtæki forstöðu, það hafi heitið Iðnverk. Það fyrirtæki hafi um tíma annast lítilsháttar þjónustu fyrir stefnda, sem hann hafi þá greitt fyrir. Þeim viðskiptum hafi lokið 1973 eða 1974, þar sem einn af eignaraðilum Iðnverks, Rammi h.f., hafi framleitt samskonar vöru og stefndi og því hafi Iðnverk skorast undan að veita stefnda frekari þjónustu. Mætti segist hafa hætt hjá Iðnverki um áramótin 1974—1975 og þá farið að undirbúa stofnun nýs samskonar fyrirtækis og m. a. í því sambandi rætt

við Björn Ólafsson um, að hann yrði eignaraðili. Björn hafi tekið vel í það, en ekki hafi verið gengið frá samningum.

Mætti segist hafa átt nokkur samtöl við Björn á tímabilinu janúar—apríl, m. a. hafa farið suðureftir til hans. Afstaða Björns í þeim samtölum hafi verið mjög jákvæð til þess að vera með í þessari kynningu, „enda hvatti hann Sigurð Bjarnason, sem leigði hjá honum húsnæði og vélar, í sambandi við framleiðslu á gluggum til þess að vera með í þessu.“ Björn hafi sagt, að hann sjálfur yrði eingöngu með útihurðir. Í apríllok, þegar að því var komið, að Iðnval hæfi eiginlega starfsemi, hafi Björn og Sigurður komið til þess að kynna sér aðstöðuna í sýningarsalnum. Mætti segist hafa sýnt Birni pláss, sem hann ætlaði honum. „Það var ákveðið pláss, sem Björn hafi óskað að fá. Hann fékk það, og það var sett upp hans nafnspjald. Björn tjáði mér, að hann hefði ekki á þessu tímabili hurð til sýnis, en hún kæmi mjög fljótlega, þessi hurð.“ Sigurður hafi fengið hliðstæða aðstöðu, sé með hana ennþá og hafi greitt allan tímann.

Mætti segist hafa sagt Birni frá fyrirhugaðri sölu- og kynningarskrá, að hans nafn yrði þar og að henni yrði dreift sem mest, m. a. til allra þeirra húsbyggjenda, sem við næðum til, er fengju úthlutað lóð. „Hann óskaði sérstaklega eftir að vera á öftustu síðu.“ Mætti er spurður að því, í hverju þjónusta hans við stefnda hafi verið fólgin. Mætti svarar: 1. Auglýsing í kynningarbæklingi. 2. Áður greint spjald í sal Iðnvals. 3. Ég vísaði til Björns Ólafssonar varðandi útihurðir.

Mætti segist ekki hafa vísað á aðra framleiðendur varðandi útihurðir.

Þegar fyrirtækið hóf starfsemi, hafi hún verið auglýst ræki-lega í blöðum, sjónvarpi og útvarpi. Einstakra fyrirtækja hafi þó ekki verið getið í þessum auglýsingum. Á hinn bóginn hafi í frásögn af blaðamannafundi við opnun Iðnvals komið fram, hverjir voru innan Iðnvals.

Á vörusýningu í Laugardal hafi dskj. nr. 6 legið frammi. Iðnval hafi ekki verið með neina uppsetta kynningargripi, hvorki hurðir, eldhúsinnréttingar né slíkt. Á þessum tíma hafi verið 27 fyrirtæki innan Iðnvals. „Í júlímánuði þá var ég að ítreka það við Björn, að ég fengi hurð til að sýna. Björn hafði ekki hurð þá, en óskaði eftir, að haldið yrði áfram að vísa til sín.“ „En þar sem Björn hafi ekki verið með hurð til að sýna þá, hafi hann óskað eftir því að gjaldið lækkaði, og það hafi orðið að samkomulagi, að það lækkaði um kr. 5.000 á mánuði. Það er úr

23.500, eins og upphaflega hafi verið um talað við Björn, í kr. 18.500.“

„Hvenær krafðir þú Björn um greiðslu?“

„Í júlí byrjaði ég að krefja hann um greiðslu, en þá var gjald-  
ið lækkað.“

Mætti er spurður um það, hvenær hann hafi fyrst krafðið Björn skriflega. Hann segist hafa sýnt honum fyrsta reikninginn í júlí. „Þá var samið um, að þetta yrði lækkað.“ Mætti segist telja, að reikningarnir á dskj. nr. 3 hafi verið sendir til Björns. Það gæti hafa verið í kringum 1. nóv., eða jafnvel fyrr. Síðan hafi bréfið á dskj. 4 borist.

Lögmaður stefnda spyr, hvort hann minnst þess að hafa sent Birni teiikningar og þá hafa fengið skriflega orðsendingu frá honum. Orðsendinguna leggur lögmaður nú fram sem dskj. nr. 10.

Mætti segir, að ef spurt var um útidyráhurðir, þá hafi hann vísað til Björns.

Mætta er sýnt dskj. nr. 10 og hann spurður, hvort hann kann-  
ist við að hafa fengið þetta. Hann kveðst ekkert geta fullyrt af eða á um þetta. „Mér finnst þetta einmitt styðja það, að Björn hafi verið í sambandi við mig á þessu tímabili.“

Mætti segir, að það hafi verið fjölritað samningsform. Það hafi verið gerður skriflegur samningur við suma, er Iðnval veitti þjónustu. „Ég taldi mig þekkja Björn það vel, að það væri engin þörf að gera skriflegan samning við hann.““

Dskj. nr. 10, sem vikið er að í framanrituðum framburði, er dags. 1. apríl 1975, stílað á nafn stefnanda, hljóðar svo: „Getum því miður ekki sinnt tilboðum í hurðir á þessu ári. Björn Ólafsson.“

Þegar stefndi, Björn Ólafsson, kom fyrir dóminn, var eftir hon-  
um bókað:

„Mætti segir það rétt, að þeir hafi öðru hverju verið að tala saman framan af árinu 1975 um fyrirhugaða þjónustu og einnig að hann hafi seint í apríl litið við hjá Iðnvali í Bolholtinu. Sigurður hafi þá verið þarna staddur. Hann kannast hins vegar ekki við, að það hafi samist um, að Iðnval tæki að sér þjónustu við sig. Hann segist hafa gert Páli Skúla grein fyrir því, að öll framleiðsla sín væri pöntuð árið 1975 og hann hefði því ekkert að selja á vegum Iðnvals.“

Hinsvegar segist mætti hafa tekið fram, að hann vildi endurskoða þetta um áramót 1975—1976 og þá átt við, að hann kynni

þá að óska, að Iðnval tæki upp sölu og kynningarstarfsemi fyrir sig.

Mætti kveðst ekki minnast þess, að stefnandi hafi rukkað sig í júlí, og kannast ekki við, að þeir hafi samið um, að greiðslan yrði 18.500 kr. á mánuði.

Mætti segir, að í júlí hafi Páll Skúli sent sér teikningar og beðið sig að gera tilboð í hurðir. „Þá sendi ég honum bréfið (dskj. nr. 10) ásamt með teikningunum.“

Skömmu áður en bréfið á dskj. 10 var ritað, segist mætti hafa fengið reikningana á dskj. nr. 3. Það sé fyrsta rukkunin, sem hann muni eftir frá stefnanda vegna stefnukröfunnar í máli þessu. Stefndi segir, að stefnandi hafi ekkert sagt sér frá fyrirhuguðum blaðamannafundi við opnun Iðnvals og ekki heldur frá fyrirhugaðri vörusýningu í Laugardalshöll. Hann segist ekkert hafa vitað, að Iðnval yrði með í þessari vörusýningu, fyrr en hann mætti þar. Það hafi enginn kynningarbæklingur frá sér legið frammi.

Mætti segir, að þegar Iðnverk veitti honum þjónustu, þá hafi hann gert skriflegan samning. Hann minnst þess ekki, að stefnandi hafi sýnt sér samningsform.

Mætti segist jafnan eiga kynningarbækling um sína framleiðslu. Mætti kannast við, að stefnandi hafi viljað fá hurð til þess að sýna. „Ég taldi ekki ástæðu til þess, því okkar framleiðsla var eiginlega seld út árið.“ Mætti segir, að bæklingar sínir hafi fyrst verið útbúnir til þess að fara til Iðnverks, bæði glugga- og hurðabæklingar. Mætti segist ekki þora að fara með, hvort hann lét Iðnval hafa bækling.

Mætti segist ekki hafa látið búa til neinn nýjan bækling, frá því bæklingurinn fyrir Iðnverk var gerður.“

Í máli þessu voru lögð fram tvö vottorð frá Sigurði Bjarnasyni, þeim er leigði húsnæði og vélar hjá Birni Ólafssyni, og stefnandi telur, að hafi komið til sín ásamt Birni í apríllok til að semja um kynningarstarfsemi. Fyrri vottorðið er dags. 23. mars 1976 og hljóðar svo:

„Ég undirritaður Sigurður Bjarnason c/o Gluggadeild Sigurðar Bjarnasonar, Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði, staðfesti eftirfarandi:

Í enda aprílmánaðar 1975 var ég staddur á skrifstofu Iðnvals, Reykjavík, ásamt Birni Ólafssyni og var þar áheyrandi að samkomulagi, er gert var millum Iðnvals annars vegar og Björns

Ólafssonar hinsvegar, um það, að Iðnval, Byggingaþjónusta, tæki að sér kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum Trésmiðju Björns Ólafssonar, þ. e. a. s. útihurðum, og fleiru.“

Síðara vottorðið er dagsett 1. ágúst 1976 og hljóðar svo:

„Ég undirritaður vil vegna fyrri yfirlýsingar minnar um samtal það, sem ég varð áheyrandi að, milli Björns Ólafssonar og Páls Skúla Halldórssonar taka fram, að ég heyrði aldrei Björn Ólafsson samþykkja, að Iðnval h.f., fyrirtæki Páls, tæki að sér að selja framleiðsluvörur Björns, heldur heyrði ég Björn segja, að til mála kæmi að endurskoða afstöðu sína til viðskipta við Iðnval h.f. um áramót 1975 og 1976, ef aðstæður væru slíkar, að þörf væri fyrir sérstakan söluaðila.“

Þegar Sigurður Bjarnason kom sem vitni fyrir dóminn hinn 27. apríl sl. lýsti hann síðara vottorðið rangt, en það fyrra rétt.

Ekki þykir ástæða til að rekja framburð umrædds vitnis að öðru leyti en því, að vitnið sagði aðspurt um atvik það, er vottorðin fjalla um:

„Við fórum þarna inneftir saman, til Páls Skúla, til þess að ræða um þennan auglýsingapésa og eins hvernig textinn ætti að vera á þessu auglýsingaspjaldi.“ „Kom til tals, að hann hefði einhverja viðtækari þjónustu fyrir ykkur?“ „Já, hann ætlaði að hafa söluumboð fyrir okkur.“ „Hvað fór ykkur á milli?“ „Við vorum bara að semja textann á þessu auglýsingaspjaldi og hvernig það væri best að hafa það, útbúa merki fyrir fyrirtækin og svona.“ „Var eitthvað fleira rætt“ „Við vorum að ræða ýmislegt, ég man ekkert, hvað það var.“ „Sömduð þú og Páll Skúli um einhverja hluti í þetta skipti?“ „Nei, við vorum búnir að ræða um það, að hann tæki 3% af sölunni.“ „Varst þú þá áður búinn að semja við Pál Skúla um, að hann seldi fyrir þig?“ „Hann var búinn að koma til mín áður og var að bjóða mér þetta.“ „Komust einhvern tíma samningar ykkar á milli um, að Páll Skúli annaðist sölu fyrir þig?“ „Já.“ „Hvenær?“ „Það var stuttu á eftir, ég man nú ekki alveg, hvenær það var, og hann hefur annast það hingað til.“

Mætti er spurður, hvort hann hafi í umrætt sinn hlýtt á samtöl Björns Ólafssonar og Páls Skúla, hvað þeim fór á milli. „Þeir voru að ræða um auglýsingapésann.“ „Ræddu þeir fleira, svo þú heyrðir?“ „Já, að Páll Skúli ætlaði að annast sölu á þessu.“ „Telurðu, að það hafi orðið fastmælum bundið þeirra á milli í þetta skipti?“ „Ég gat ekki skilið það öðru vísi.“ „Telurðu, að það hafi verið einhver munur á samningum þínum og Páls Skúla

og samningum Björns og Páls Skúla, þ. e. því sem talaðist til í þetta umrædda sinn?“ „Nei.“

Ríkissaksóknara hafa verið send skjöl máls þessa til fyrir-sagnar, og hefur hann krafist framhaldsrannsókna á umræddri vottorðsgjöf.

#### IV.

Upplýst er, að aðiljar máls þessa áttu endurteknar viðræður varðandi fyrirhugaða sölu- og kynningarstarfsemi Iðnvals, m. a. fór stefndi Björn sérstaka ferð í fyrirtæki stefnanda til að ræða þetta efni.

Þegar fyrirtæki stefnanda hóf starfsemi sína, að því er virðist um mánaðamótin apríl—maí 1975, var haldinn blaðamanna-fundur, og fram kom þá í dagblöðum, hverjir væru aðiljar að umræddri kynningarstarfsemi, og var stefnda þar getið.

Í kynningarbæklingi, er stefnandi gaf fljótlega út, birtist auglýsing um framleiðsluvörur stefnda. Ætla verður, að stefnda hafi þannig verið kunnugt um, að Iðnval hafði þannig hafið kynningu og auglýsingu á framleiðsluvörum hans.

Stefnandi hefur lagt fram afrit af tilboði frá stefnda og undirrituðu af honum, dags. 7. júlí 1975, í hurðir í húsinu að Víkurflöt 6, Stykkishólmi. Framlagning þessa skjals úr hendi stefnanda styður eindregið þá fullyrðingu hans, að það hafi verið með vitund og vilja stefnda, sem stefnandi hóf kynningu og sölustarfsemi á framleiðsluvörum hans.

Ekki kemur fram, að stefndi hafi á nokkurn hátt mótmælt ofangreindri kynningar- og sölustarfsemi stefnanda á fyrirtæki stefnda, fyrr en hún hafði staðið í þrjá mánuði, og mátti honum þó ljóst vera, að eigi mundi það vera ætlun stefnanda að vinna slík verk endurgjaldslaust.

Þykir því eiga að taka þann hluta kröfu stefnanda, sem er fyrir umrætt þriggja mánaða tímabil, til greina.

Er stefnandi sendi stefnda fyrsta reikninginn fyrir þjónustu sína, *synjaði stefndi um greiðslu* og tilkynnti stefnanda bréflega hinn 1. ágúst 1975, að hann gæti „ekki sinnt tilboðum í hurðir á þessu ári.“

Telja verður, að með þessum viðbrögðum hafi stefndi, eins og á stóð, gert stefnanda nægilega ljóst, að hann hafnaði frekari þjónustu hans. Ber því að sýkna stefnda af þeim hluta stefnu-kröfu, er lýtur að tímabilinu eftir 1. ágúst 1975.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefnanda til greina með kr. 79.298.

Málskostnaður ákveðst kr. 40.000.

Dóm þennan kveða upp sjó- og verslunardómsmennirnir Einar Jónsson og Sigurður Emilsson.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Ólafsson, greiði stefnanda, Páli Skúla Halldórssyni, kr. 79.298 með 13% ársvöxtum frá 1. febrúar 1976 til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

dómsformannsins Más Péturssonar héraðsdómara.

I.

Ég vísa til kaflanna I—III í ofanrituðum dómi.

II.

Gegn eindregnum mótmælum stefnda og með tilliti til sönnunargildis þess eina vitnaframburðar, sem fyrir liggur í málinu, verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sanna, að samningur sá, sem mál þetta snýst um, hafi komist á.

Leiðir þetta til sýknu í máli þessu, enda verður ekki talið, að árangurslausar tilraunir stefnanda til að fá stefnda sem viðskiptamann skapi stefnda greiðsluskyldu, einkum þar sem stefnandi hafnaði óbeðinni þjónustu stefnda án ástæðulauss dráttar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð

*mitt verður því:*

Stefndi, Björn Ólafsson, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Páls Skúla Halldórssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.